# FJÖLSKYLDUBRÚIN

Forvarnarstuðningur við fjölskyldur
þegar foreldri glímir við krabbamein
-áhersla á líðan barnanna-

Foreldrar með krabbamein hafa oft áhyggjur af líðan barna sinna og eru tvístígandi um hvernig best sé að ræða um veikindin og áhrif þeirra á daglegt líf fjölskyldunnar.

Fjölskyldubrú er stuðningstilboð krabbameinslækningadeilda LSH fyrir krabbameinsveik foreldri barna frá 8 ára aldri og fram á fullorðinsár. Brynja Óskarsdóttir og Sigurlaug Eyjólfsdóttir félagsráðgjafar við deildirnar eru sérþjálfaðir aðilar Fjölskyldubrúarteymis LSH og sinna þessu verklagi.

Fjölskyldubrúin byggist á gagnreyndum kenningum dr.W.Beardsley ofl og auðveldar umræðu í fjölskyldum um veikindin og áhrif á daglegt líf, auk þess að styrkja foreldrahlutverkið og auka færni barna til að takast á við erfiðar aðstæður.

Fjölskyldubrúin fer þannig fram að foreldrarnir og stuðningsaðilar eiga samræður um umhugsunarefni foreldranna, stuðningsaðilar og hvert barn eiga samræðu um vangaveltur barnsins, haldinn er fjölskyldufundur og málinu fylgt eftir um tíma.
Ef börnin eru mjög ung (yngri en svo að þau geti valdið samræðu um líf sitt) er valin sú leið að foreldrarnir eiga samræður við stuðningsaðila um börnin, áhættuþætti í lífi þeirra og verndandi (styrkjandi) þætti.

Nánari upplýsingar um þjónustutilboð Fjölskyldubrúar fást hjá fagaðilum þínum við krabbameinslækningadeildirnar eða hjá undirrituðum félagsráðgjöfum:

Brynja Óskarsdóttir, s: 543-9511; netfang: brynosk@landspitali.is
Sigurlaug Eyjólfsdóttir, s: 543-9214; netfang: sigurley@landspitali.is



LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

